

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ara Trausta Guðmundssyni um þjálfun og fræðslu viðbragðsaðila og umbætur í sjúkraflutningum.

1. *Er tímabært að sameina þjálfun og fræðslu allra viðbragðsaðila, sbr. ályktun Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna frá 29. nóvember sl.?*

Heildarstefnumótun, skipulag og framkvæmd sjúkraflutninga á landsvísu verður áherslumál heilbrigðisráðherra næsta misserið. Til stendur að endurskoða reglugerð um fagråd sjúkraflutninga. Á grundvelli nýrrar reglugerðar verður fagráðinu falið að leggja fram tillögur um framtíðarfyrirkomulag sjúkraflutninga á landsvísu. Ákvarðanir um fyrirkomulag á þjálfun og fræðslu viðbragðsaðila sem sinna sjúkraflutningum verða teknar í tengslum við þá vinnu. Horft verður til hlutverks Sjúkraflutningaskólans varðandi menntun og þjálfun allra þeirra sem að sjúkraflutningum koma.

2. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við ákalli um umbætur í sjúkraflutningum á Suðurland og Suðausturlandi; fyrst og fremst frá Höfn í Hornafirði að Selfossi og í uppsveitum sunnan lands?*

Heilbrigðisstofnun Suðurlands sinnir sjúkraflutningum á svæðinu á fimm starfsstöðvum. Stofnunin hefur yfir að ráða 10 fullbúnum bílum sem dreifdir eru um svæðið og staðsettir þannig að þeir nýtist sem best. Starfsemi og rekstur sjúkraflutninga á Suðurlandi er í stöðugri þróun og endurskoðun, sem á að tryggja að fjármunir séu nýttir sem best.

Eitt af forgangsverkefnum heilbrigðisráðherra er að byggja upp sjúkraflutninga og verður áhersla lögð á heildstætt skipulag allra sjúkraflutninga hvort sem þeir fara fram á landi eða með flugi.